

M-6/2017. Álit 23. maí 2017.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 23. maí 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-6/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 29. janúar 2017 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna myndavélalinsu sem auglýst var á vefsíðu á vegum Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi selji honum linsuna á því verði sem fram kom á vefsíðunni.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar eftir lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar geta aðilar kaupa sem greinir á um réttindi og skyldur sínar samkvæmt lögum þessum snúið sér til kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaup og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið.

Ágreiningur aðila snýr að verði og verðmerkingu á Tamron 70-300 SP linsu fyrir Canon F4-5,6 sem álitsbeiðandi kveður hafa verið auglýsta á 93% afslætti á 5.990 kr. á vefsíðu seljanda. Segist álitsbeiðandi vilja kaupa linsuna á því verði. Seljandi hafi hins vegar neitað að selja honum linsuna á þeim forsendum að mistök starfsmanns hafi leitt til þess að rangt verð birtist á heimasíðunni hjá félaginu. Af svörum seljanda má ráða að rangt verð hafi birst á vörunni á heimasíðu seljanda 25. og 26. desember 2016. Varan hafi ekki verið í boði í vefverslun og þar sem verslanir seljanda hafi verið lokaðar þessa daga hafi ekki verið hægt að kaupa vöruna á umræddu verði. Það hafi verið leiðrétt áður en verslanir opnuðu 27. desember 2016.

Í lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er m.a. fjallað um verðmerkingar og útsölur og hefur reglugerð nr. 536/2011 um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum verið sett á grundvelli þeirra laga. Þar kemur m.a. fram í 5. mgr. 3. gr. að: „Fyrirtæki skal selja vöru á því verði sem verðmerkt er einnig þótt um mistök sé að ræða. Þetta á hins vegar ekki við ef kaupanda má vera ljóst að um mistök sé að ræða.“ Telur kæruneftndin að ágreiningur aðila falli undir umrædd lög og reglugerð setta á grundvelli þeirra, en ekki undir neytendakaupalögum nr. 48/2003. Þau falla heldur ekki undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup eða lög nr. 42/2000 um þjónustukaup. Af þessum ástæðum verður ágreiningi aðila þessa máls ekki skotið til kæruneftndar lausafjár og þjónustukaup með ósk um að hún gefi álitsgerð um ágreininginn þar sem hann fellur utan valdsviðs nefndarinnar. Verður kæruneftndin því að vísa álitsbeiðninni frá sér, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu frá janúar og fram í apríl 2017 var kæruneftndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir,
formaður kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa